

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 2001

Nr. 193

452

12. mars 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík.

Grafarholt, austursvæði, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð þann 16. janúar 2001 deiliskipulag fyrir Grafarholt, austursvæði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 12. mars 2001.

F.h. Þorvaldar S. Þorvaldssonar skipulagsstjóra,

e.u. **Guðný Aðalsteinsdóttir.**

Nr. 194

12. mars 2001

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu án skilju á Vestfjarðamiðum.

1. gr.

Allar veiðar með fiskivörpu eru bannaðar á svæðum á Vestfjarðamiðum sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°54'00 N – 24°39'00 V
2. 66°53'99 N – 24°35'24 V
3. 66°46'13 N – 24°42'50 V
4. 66°41'00 N – 24°42'00 V
5. 66°14'00 N – 25°38'00 V
6. 66°10'96 N – 25°50'17 V
7. 66°13'82 N – 25°59'41 V
8. 66°34'00 N – 25°08'00 V

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru þó veiðar heimilar, sé varpan búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 486, 4. ágúst 1998, um gerð og búnað smáfiskaskilju.